

84. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 3. október 2013 í húsnæði Héraðsskjalasafnsins að Digranesvegi 7.

Dagskrá.

1. Fjárhagsáætlun.
2. Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða.
3. Önnur mál.

Fundur settur kl. 17:15. Mættir Eiríkur Ólafsson, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður. Gunnar Marel Hinriksson skjalavörður skrifaði fundargerð.

1. Héraðsskjalavörður fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2014. Stjórn samþykkir drögin samhljóða og bendir á að verkefni safnsins hafi vaxið, fleiri afhendingar og gestir sem kallar á aukinn starfskraft.

2. Rætt um vel heppnaða ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi sem haldin var í Kópavogi 23. og 24. september sl. 18 af 20 héraðsskjalasöfnum landsins sendu fulltrúa á ráðstefnuna og var gerður góður rómur að allri aðstöðu og skipulagningu af hendi fulltrúa Kópavogs í tengslum við hana. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs setti ráðstefnuna og Rannveig Ásgeirsdóttir formaður bæjarráðs flutti ávarp í móttöku fyrir héraðsskjalaverði.

3. Önnur mál.

a) Næsta smárit héraðsskjalasafnsins og Sögufélags Kópavogs var kynnt. Það heitir Vatnsendi og er eftir dr. Þorkel Jóhannesson.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00